

Ársskýrsla Laganefndar

Starfsárið 2011-2012

Selfossi í mars 2012.

Laganefnd: Selma K. Albertsdóttir, form.

Jón Símon Gunnarsson, ritari.

Sigríður Konráðsdóttir, meðstjórnandi.

Ásta Jónsdóttir, varamaður.

Starfsárið hefur gengið vel fyrir sig að venju. Haldnir hafa verið þrjú formlegir fundir á starfsárinu auk þess nokkrir óformlegir. Auk þess boðaði félagsstjórn SLFÍ allar starfsnefndir félagsins til fundar í húsi BSRB í október síðastliðinn. Þar sem Kristín form. fór yfir mikilvægi nefndarstarfa.

Tvö erindi bárust laganefnd frá félagsstjórn SLFÍ, annars vegar tillögur um breytingar á lögum SLFÍ: inn komi ný 28.gr um trúnaðarmannaráð og aðrar greinar færast aftur sem því nemur. Auk þess var tillaga um að breyta reglum svæðisdeilda það er 11.gr um trúnaðarmenn.

Rökin fyrir þessum breytingum er að á þessu starfsári hefur verið starfandi hjá félaginu verkefnisstjóri Guðmundur Ingi Gunnlaugsson við það verkefni að endurskoða trúnaðarmannakerfið. Síðustu vikurnar hefur svo starfað með honum starfsnefnd sem hefur haft það hlutverk að skoða hvaða breytingar tillögurnar hafa á lög félagsins og reglur svæðisdeilda. Laganefnd hefur síðan yfirfarið þessar breytingar og samþykkt einróma. Breytingar þessar verða síðan lagðar fyrir næsta fulltrúaping í maí næstkomandi til endanlegrar afgreiðslu.

Laganefnd hefur hér með lokið störfum sínum á þessu starfsári.

Með félagskveðju og ósk um gleðilegt sumar.

F.h. laganefndar, Selma K. Albertsdóttir, form.